

Unnið að uppsetningu sýningarinnar sl. fimmtudag. Morgunblaðið/Einar Falur

Íslensk grafík:

Félagar sýna á Kjarvalsstöðum

ÍSLENSK grafík opnar sína sjöundu félagssýningu á Kjarvalsstöðum í dag. Að sögn Ingunnar Eydal, formanns, er þetta stærsta sýning félagsins til þessa. Þrátíu og tveir listamenn taka þátt í henni og sýna þeir liðlega 160 grafíkmyndir.

„Hér sjást allar tegundir af grafík, kopargrafík, steinþrykk, sáldþrykk, tréskurður, dúkristur og mezzotintur" sagði Ingunn þegar blaðamaður Morgunblaðsins ræddi við hana á Kjarvalsstöðum. „Það sem einkennir þessa sýningu þó hvað mest er vaxandi fjöldi litmynda. Þær virðast vera uppáhalds viðfangsefni félagsmanna um þessar mundir."

Þrjú ár eru liðin frá síðustu sýningu félagsins. Það var stofnað árið 1969 og skráðir félagar eru nú 41. Sýningin verður opnuð kl. 15.00 í dag, en henni lýkur 19. október.

Guðmundur H. Garðarsson




Kosningaskrifstofa stuðningsmanna Guðmundar H. Garðarssonar vegna prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, hefur verið opnuð á jarðhæð Húss verslunarinnar, gengið inn Miklubrautarmegin.
Skrifstofan er opin frá kl. 9.00—22.00 og símar eru 68 18 41 og 68 18 45.

Allir stuðningsmenn Guðmundar eru hvattir til að líta inn.


GUÐMUND Á ÞING

Innilegar þakkir til hinna fjölmörgu sem glöddu mig og fjölskyldu mína á 70 ára afmæli mínu með heimsóknum, gjöfum og kveðjum.
Þetta varð mér mikill hátíðisdagur.
Guð blessi ykkur.

Þórður Gíslason,
Ölkeldu II.



Sólveig Pétursdóttir er 34 ára gömul og lögfræðingur að mennt.



Sólveig Pétursdóttir er formaður Barnaverndarnefndar Reykjavíkur og fyrrverandi lögfræðingur Mæðrastyrksnefndar.



Sólveig Pétursdóttir er sjálfstæðismaður sem vill að konur njóti jafnra möguleika á við karla.



Sólveig Pétursdóttir er sjálfstæðismaður sem vill auka frelsi í atvinnuuppbyggingu og ábyrgð einstaklinga á eigin ákvörðunum.



Sólveig Pétursdóttir er sjálfstæðismaður sem vill opna dyr samkeppni í skóla- og heilbrigðismálum til þess að bæta þjónustuna.



Sólveig Pétursdóttir er sjálfstæðismaður sem vill einfaldara skattakerfi þar sem mönnum er ekki refsað fyrir að vinna mikið og vera eina fyrirvinnan.



Sólveig Pétursdóttir er sjálfstæðismaður sem telur hagsmunum kvenna betur borgið í markvissri framkvæmd sjálfstæðisstefnunnar en í starfi þverpólitískra hagsmunahópa.



Sólveig Pétursdóttir er sjálfstæðismaður sem telur að hornsteinn sjálfstæðis íslensku þjóðarinnar sé veran í Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin.



Sólveig Pétursdóttir er sjálfstæðismaður sem vill blása nýju lífi í gamalt stefnumál Sjálfstæðismanna: Fjölskyldan er hornsteinn þjóðfélagsins.



Sólveig Pétursdóttir er sjálfstæðismaður sem á mörg erindi að reka fyrir sjálfstæðismenn á Alþingi Íslendinga.

Veljum

Sólveigu Pétursdóttur

sæti meðal efstu manna í prófkjörinu.

Kosningaskrifstofa Sólveigar Pétursdóttur
að Suðurlandsbraut 4, 3ju hæð,
er opin daglega frá kl. 14.00 til 21.00.
Sími 38308.